



Stjórnendauppgjör Haga 2024/25 og uppgjör 4. ársfjórðungs

Sterkt rekstrarár og kjarnastarfsemi útvíkkuð til Færeyja

Finnur Oddsson, forstjóri

Guðrún Eva Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs

16. apríl, 2025

Yfirlit

Fréttir af starfsemi

Fjárhagsuppgjör

Staða og horfur



Árið í hnotskurn: Lykiltölur

12M 2024/25 (breyting frá 12M 2023/24)

180,3 ma. kr.

vörusala

▲ 4,1%

14,7 ma. kr.

EBITDA

▲ 12,8%

7,0 ma. kr.

Hagnaður*

▲ 39,4%

22,8%

framlegðarhlutfall

▲ 2,0%stig

15,1%

launa- og kostnaðarhlutfall

▲ 1,5%stig

36,6%

eiginfjárhlutfall

▼ 0,4%stig

Á fjórða ársfjórðungi 2024/25 varð P/F SMS í Færeyjum hluti af samstæðu Haga og telja fjárhagsleg áhrif frá upphafi fjórðungs

* Án áhrifa matsbreytinga jókst hagnaður milli ára um 18,7%

Fjórðungur í hnotskurn: Lykiltölur

4F 2024/25 (breyting frá 4F 2023/24)

46,0 ma. kr.

vörusala

▲ 7,6%

3,9 ma. kr.

EBITDA

▲ 35,8%

3,1 ma. kr.

Hagnaður*

▲ 157,4%

25,0%

framlegðarhlutfall

▲ 4,1%stig

17,3%

launa- og kostnaðarhlutfall

▲ 2,7%stig

36,6%

eiginfjárhlutfall


▼ 0,4%stig

Á fjórða ársfjórðungi 2024/25 varð P/F SMS í Færeyjum hluti af samstæðu Haga og telja fjárhagsleg áhrif frá upphafi fjórðungs

* Án áhrifa matsbreytinga jókst hagnaður milli ára um 69,9%


Ytri áhrifapættir: Verðbólga lækkar áfram og olíuverð nokkuð stöðugt

Visitala neysluverðs, Ársbreyting, %




- Verðbólga lækkaði nokkuð á tímabilinu og endaði í 4.2% - verðbólga talsvert lægri en á sama tíma í fyrra þegar hún var í kringum 7%

Gengi gjaldmiðla, ISK



- Gengi ISK nokkuð stöðugt gagnvart helstu gjaldmiðlum - USD lítillega sterkari en á sama tíma í fyrra en EUR heldur veikari á tímabilinu

Verðþróun á ULSD (Diesel), USD / mt



- Heimsmarkaðsverð á olíu stöðugra á tímabilinu en á fyrra ári þegar verðið sveiflaðist nokkuð - meðalverð talsvert lægra en á fyrra ári

Rekstur: Þetta stendur upp úr á fjórðungnum

- **Rekstur á 4F gekk almennt vel og var afkoma umfram áætlanir**, m.a. vegna áhrifa af rekstri SMS, bættrar afkomu Olís og hlutdeildar í afkomu fasteignapróunarfélagsins Klasa
- **Rekstur dagvöruverslana gekk vel með áframhaldandi fjölgun viðskiptavina** – seldum stykkjum fækkar aðeins, en breytt samsetning vörukörfu hefur talsverð áhrif
- **Góð afkoma Olís á 4F þó að seldum lítrum fækki á milli ára**, að stærstu leyti vegna samdráttar í sölu til stórnotenda
- **P/F SMS í Færeyjum varð hluti af samstæðu Haga** frá 2. desember 2024 – jákvæð áhrif af rekstri SMS á 4F
- **Breyting á reikningshaldslegri meðferð fjárfestingarfasteigna** til að draga betur fram vægi fasteigna í rekstri, sem og fjárhags- og eignastöðu – **fjárfestingareignir færðar til gangvirðis** í stað afskrifaðs kostnaðarverðs
- **Heildaráhrif breyttrar reiknings-skilaðferðar námu 6.595 m.kr. á fastafjármuni samstæðunnar** - áhrif matsbreytinga á rekstur voru 1.042 m.kr., stærstur hluti vegna einskisáhrifa hjá SMS
- **Uppsafnaður 12 mánaða hagnaður á hlut var 6,47 kr. og jókst um 41% frá fyrra ári** - 5,56 kr. og 21% án einskisliða vegna SMS



Starfspáttur #1: Rekstur svipaður og á fyrra ári en afkoma heldur betri

Verslanir og vöruhús (Ísland) - Rekstrarreikningur 4F 2024/25 (m.kr.)

- **Tekjur af dagvöru, sérvöru og vöruhúsum námu 33 ma. kr.** og jukust um tæp 3% á milli ára
- **EBITDA var rúmir 2,6 ma. kr., eða 8,0% af tekjum,** og stóð nánast í stað á milli ára
- **Heimsóknunum í dagvöruverslanir fjölga áfram** eða um 0,5% - aukning í Bónus en samdráttur í Hagkaup, sem sækir í sig veðrið undir lok árs
- **Seldum stykkjum fækkar** um 2,6% - breytt samsetning vörukörfu og aukið hlutfall hagkvæmari sölueininga
- **Áfram góð eftirspurn hjá Eldum rétt** – ný þjónusta með viðbótarvörur til heimilis sparar spor og tíma
- **Tekjuvöxtur hjá Aðföngum, Banönum og Stórkaup** – fjárfesting í innviðum eykur skilvirkni
- **Kröftug jólaverslun hjá Zara**
- **Fasteignapróun Klasa gekk vel** á árinu – eignarhlutur skilar Högum góðri ávöxtun en **hlutdeild í afkomu ársins nam 685 m.kr.**

	4F '24/25	4F '23/24	Δ	%Δ
Tekjur	33.009	32.165	844	+2,6%
Rekstrargjöld	-30.379	-29.515	-864	+2,9%
EBITDA	2.630	2.650	-20	-0,8%
<i>EBITDA-hlutfall</i>	<i>8,0%</i>	<i>8,2%</i>	<i>-0,3%</i>	<i>-3,3%</i>
Afkoma starfspáttar*	2.414	2.163	251	+11,6%
<i>Afkomu-hlutfall</i>	<i>7,3%</i>	<i>6,7%</i>	<i>+0,6%</i>	<i>+8,8%</i>

*Afkoma starfspáttar: afkoma eftir afskriftir, matsbreytingar og áhrif hlutdeildarféлага

Helsta starfsemi í starfspætti (Verslanir og vöruhús – Ísland)



HAGKAUP



Bananar

STÓRKAUP |

ELDUM  RÉTT

ZARA

Bónus: Sterkt ár, aukin aðsókn, ódýrt að versla

- **Vörusala á 4F nam 22,8 ma. kr. og jókst um 3% frá fyrra ári** – rekstur félagsins gekk áfram vel, og **afkoma styrktist á milli ára**
- **Áframhaldandi aukin umsvif** þar sem **viðskiptavinum heldur áfram að fjölga og hafa aldrei verið fleiri** – lítilsháttar fækkun stykkja sem rata í hverja körfu
- Bónus hjálpar viðskiptavinum að **finna ódýrari kosti**, með því að **bjóða upp á fleiri tilboð, stærrí og hagkvæmari sölueiningar og lækkun verðs á 500 vörunúmerum frá fyrra ári** – hefur áhrif á veltu og körfustærð en styrkir Bónus til lengri tíma
- Vikuleg „**ódýrast vikunnar í Bónus**“ **tilboð** mælast vel fyrir
- **Breyttar áherslur í úrvali, meðhöndlun og framsetningu á ávöxtum og grænmeti hafa aukið sölu** – stutt af nýju samstarfi með Latabæ (ásamt Hagkaup, Olís og Banönnum) og Bónusdeildinni í körfubolta, og er í samræmi við sjálfbærnitengd markmið
- **Bónus gefur um 5.000 barnabox (Barnabónus)** með nauðsynjum fyrir nýbura sem léttir undir með ungum barnafjölskyldum – gert með stuðningi frábærra samstarfsaðila
- **Vinsældir Gripið & Greitt aukast áfram og er nú komið í 12 verslanir** – áhersla á að flýta innleiðingu enn frekar
- **Rekstur ársins gekk vel**, þar sem **viðskiptavinum fjölgaði og afkoma styrktist umtalsvert** frá fyrra ári – góður meðbyr inn í nýtt ár



Hagkaup: Ár nýjunga og bættrar þjónustu

- **Vörusala á 4F nam 7,2 ma. kr. og jókst um 2% frá fyrra ári**, en afkoma dregst smávægilega saman á milli ára
- **Aðsókn svipuð og á fyrra ári og sterk í sögulegu samhengi, en seldum stykkjum fækkar aðeins frá fyrra ári** – breytt samsetning vörukörfu, m.a. vegna aukinnar sölu á tilbúnum réttum
- **Build-A-Bear opnunin í Smáralind í febrúar fór fram úr björtustu vonum** – hátt í 1.000 bangsar voru útbúnir fyrstu helgina og **aðsókn mikil frá opnun**
- **Netsala á Veisluréttum Hagkaups vex áfram** samhliða aukningu í afköstum í framleiðslu – velta á 4F þrefaldast miðað við fyrra ár
- **Hagkaup hefur náð sterkri stöðu á samfélagsmiðlum** eins og Facebook, Instagram og TikTok – stækkandi fylgjendahópur og **mánaðarlegt áhorf hleypur á milljónum**
- **Tilboðsdagar og viðburðir voru vel sóttir** og jólaverslun gekk vel enda Hagkaup ein allra sterkasta jólaverslun landsins
- **Heilt yfir gott ár sem einkenndist af nýjungum**, eins og Build-A-Bear, Skálinni, Lavazza verslun, afhendingu vegabréfa, og fleira – **Hagkaup er skemmtilegasta verslun landsins**



Starfspáttur #2: Kröftugur endir á góðu rekstrarári

Olís - Rekstrarreikningur 4F 2024/25 (m.kr.)

- **Tekjur á 4F námu 10 ma. kr.** og drógust saman um 9,4% á milli ára – **heimsmarkaðsverð lægra í ár** en á samanburðarári og færri seldir lítrar
- **EBITDA nam 704 m.kr. (7,0%)** og **styrktist mikið frá fyrra ári** þegar EBITDA var 190 m.kr. (1,7%)
- **Seldum lítrum fækkaði um 11,4%** á fjórðungnum, að mestu vegna **samdráttar í sölu til stórnotenda - áfram kröftugur vöxtur í þurrvörusölu**, á sama tíma og tímanotkun á þjónustustöðvum dróst saman
- **Nýtt Olís app og stafrænir dælulyklar** – viðtökur og notkun framfar vonum
- **Fyrsta Glans bílapvottastöðin opnaði í Mosfellsbæ í febrúar**, en Selfoss og Gullinbrú verða næst í röðinni
- **Bætt þjónusta og breyttar áherslur í kynningarmálum** skila fleiri heimsóknum á þjónustustöðvar
- **Nýjar stöðvar ÓB opna** í Búðardal og við Kjarnagötu á Akureyri í byrjun sumars
- **Rekstrarár Olís sterkt í sögulega samhengi**

	4F '24/25	4F '23/24	Δ	%Δ
Tekjur	10.013	11.051	-1.038	-9,4%
Rekstrargjöld	-9.309	-10.861	1.552	-14,3%
EBITDA	704	190	514	+270,5%
<i>EBITDA-hlutfall</i>	<i>7,0%</i>	<i>1,7%</i>	<i>+5,3%</i>	<i>+308,9%</i>
Afkoma starfspáttar*	543	-96	639	-
<i>Afkomu-hlutfall</i>	<i>5,4%</i>	<i>-0,9%</i>	<i>+6,3%</i>	<i>-</i>

*Afkoma starfspáttar: afkoma eftir afskriftir, matsbreytingar og áhrif hlutdeildarféлага

Helsta starfsemi í starfspætti (Olís)

olís

ób

Starfspáttur #3: SMS í Færeyjum góð viðbót við Haga

Verslanir og vöruhús (Færeyjar) - Rekstrarreikningur 4F 2024/25 (m.kr.)

- Tekjur á 4F námu **3.650 m.kr.** og EBITDA nam **523 m.kr.**, eða 14,3% af veltu
- Rekstrarniðurstaða og hlutföll ekki dæmigerð þar sem fjórðungurinn litast af jákvæðum árslokafærslum, svo sem vörutalningu og eftirágreiddum afsláttum
- Rekstur SMS gekk vel á fjórðungnum – ágætur tekjuvöxtur í verslunarekstri og veitingastöðum félagsins, t.d. Burger King og Sunset Boulevard
- SMS kom inn í samstæðu Haga frá og með 2. desember 2024 – helstu áherslur fjórðungsins voru jólaverslun og aðlögun fjárhagsupplýsinga og kerfa að uppgjörum Haga
- Traustur og fyrirsjáanlegur rekstur SMS, en margvísleg tækifæri til umbótastarfs sem Hagar og SMS munu vinna að á næstu misserum, m.a. í tengslum við vöruúrval, almennan rekstur og fjármögnun

	4F '24/25	4F '23/24	Δ	%Δ
Tekjur	3.650	0	3.650	-
Rekstrargjöld	-3.127	0	-3.127	-
EBITDA	523	0	523	-
<i>EBITDA-hlutfall</i>	<i>14,3%</i>	-	-	-
Afkoma starfspáttar*	1.275	0	1.275	-
<i>Afkomu-hlutfall</i>	<i>34,9%</i>	-	-	-

*Afkoma starfspáttar: afkoma eftir afskriftir, matsbreytingar og áhrif hlutdeildarfélaga

Helsta starfsemi í starfspætti (Verslanir og vöruhús – Færeyjar)




SUSHI DAILY HORNID



Endurmat: Heildaráhrif breyttrar reikningsskilaðferðar námu 6.595 m.kr.

- Í lok árs tók stjórn Haga ákvörðun um **breytingu á reikningshaldslegri meðhöndlun fjárfestingarfasteigna** og eru þær nú færðar á gangvirði í reikningskilum
- **Fjárfestingarfasteignir félagsins telja um 40 þúsund m²**, af alls rúmlega 60 þúsund m² í eigu Haga
- **Heildarupphæð vegna endurmats nam 6.595 m.kr.**, þar sem **stærsti hluti áhrifanna er vegna fasteigna á Íslandi**, eða 5.673 m.kr., **en restin vegna fasteigna í rekstrarleigu í Færeyjum**, eða 922 m.kr.
- **Hluti matsbreytinga fer í gegnum rekstur**, eða sá hluti sem tengist útleigu til aðila utan samstæðu (um 11 þús. m²) – **áhrif á rekstur voru 120 m.kr.**, en **til viðbótar voru einskisáhrif vegna fasteigna í rekstrarleigu hjá SMS upp á 922 m.kr.**, og **heildaráhrif því 1.042 m.kr.**
- **Matsbreyting fjárfestingarfasteigna sem eru í útleigu innan samstæðu er bakfærð í rekstri og færð á endurmatsreikning meðal eigin fjár á árinu 2024/25**

Breyting á fastafjármunum frá upphaflegum ársreikningi 2023/24, m.kr.



* Meðal annars vegna eignarhluta í hlutdeildarfélagum, viðskiptavild vegna kaupa á SMS og vegna fjárfestinga í rekstrarfjármunum dótturfélaga Haga

Sjálfbærni: Kolefnisspor dregst saman og ánægja starfsfólks eykst

- Áframhaldandi vinna við að **laga upplýsingagjöf að CSRD tilskipun ESB** - talsverð **óvissa um hvenær tilskipunin verður lögfest** og fyrir hvaða **félög**, en vegna stærðar mun hún **líklega eiga við um Haga**
- Högum miðar vel áfram í átt að markmiðum um sjálfbærni, sem dæmi:
 - **Mæld heildarlosun** var 1.144 þúsund tCO₂í á árinu 2024 og hefur lækkað um 6,9% frá 2022
 - **Hlutfall endurheimts úrgangs** var 94,1% og hefur nú hækkað úr 54,8% frá 2019
 - **Ánægja starfsfólks** heldur áfram að aukast og dróst **starfsmannavelta** saman um 13% á milli ára
- Fjölbreytt sjálfbærnitengd verkefni í gangi, m.a. **kolsýruvæðing kælikerfa**, **prófanir með rafmagnsvörubíla**, **leiðtogaþjálfun verslunarstjóra**, **samstarf við Latabæ** og **Barnabónus** - nánar verður gerð grein fyrir þessum og fleiri verkefnum þegar árs- og sjálfbærnisráðgjafur Haga kemur út



Árið: Mikilvægir áfangar sem munu styðja við vöxt og arðsemi

- Þegar horft er yfir rekstrarárið 2024/25 má sjá að rekstur gekk vel, og afkoma ársins styrktist svo um munar - á sama tíma náðust stórir áfangar sem munu styðja við vöxt og arðsemi félagsins til framtíðar, t.d.:
 - **SMS:** Starfsemi útvíkkuð til Færeyja með kaupum á SMS, en það eykur fólksfjöldann sem Hagar ná til um rúmlega 14%
 - **Bónus:** Viðamikil innleiðing á Gripið & Greitt víða um land, og opnunartími valinna verslana nýlega aðlagaður frekar að þörfum viðskiptavina
 - **Hagkaup:** Fjöl margar nýjungar kynntar og nýjungar fyrri ára styrktar – Build-A-Bear, Skálin, Veisluréttir, þjónusta við Veigar, Lavazza útibú, netverslun bætt, o.s.frv.
 - **Olís:** Þjónusta við viðskiptavini bætt og nýjungar kynntar, svo sem app og stafrænir dælulyklar, þvottastöðvar Glans, fleiri Lemon Mini staðir, og samstarf við Wolt
 - **Fasteignir:** Áframhaldandi áhersla á fasteignir hjá Högum – verkefni Klasa unnin áfram, og stórt fasteignasafn í Færeyjum bættist við með SMS (11 þús. m²)
 - **Stafræn vegferð:** Áframhaldandi innleiðing lausna til að hagræða innanhúss, en einnig frekari þjónustur, t.d. B2B vefverslun Banana og viðbótarvörur Eldum rétt



Yfirlit

Fréttir af starfsemi

Fjárhagsuppgjör

Staða og horfur



SMS í Færeyjum nýr starfspáttur í rekstri á 4F

Rekstrarreikningur 4F 2024/25 (m.kr.)

- **Vörusala á 4F** nam 46,0 ma. kr. og **jókst um 7,6%** milli ára – nær **óbreytt** sala milli ára **án áhrifa SMS**
- **Framlegð í krónum** talið nam 11,5 ma. kr. og **jókst um 28,6%** milli ára
- **Framlegðarhlutfall nam 25,0%** og hækkaði um 4,1%-stig milli ára - **hækkun í dagvöru- og eldsneytishluta** samstæðunnar, **auk áhrifa af SMS**
- **EBITDA** nam 3,9 ma. kr. og **hækkaði um 35,8%** milli ára – **EBITDA starfspáttar SMS** nam 523 m.kr.
- **Matsbreyting** fjárfestingarfasteigna í rekstri nam rúmum 1,0 ma. kr. - **einskiptisáhrif hjá SMS** vegna fasteigna í rekstrarleigu 922 m.kr.
- **Hagnaður** var 3,1 ma. kr. og **jókst** um 1,9 ma. kr. frá fyrra ári eða um 157,4%

	4F '24/25	4F '23/24	Δ	%Δ
Vörusala	46.037	42.788	3.249	+7,6%
Framlegð	11.508	8.952	2.556	+28,6%
Aðrar rekstrartekjur	332	139	193	+138,8%
Laun og launatengd gjöld	-5.382	-4.322	-1.060	+24,5%
Annar rekstrarkostnaður	-2.601	-1.929	-672	+34,8%
EBITDA	3.857	2.840	1.017	+35,8%
Afskriftir	-1.456	-1.261	-195	+15,5%
Matsbreytingar	1.042	0	1.042	-
EBIT	3.443	1.579	1.864	+118,0%
Hrein fjármagnsgjöld	-795	-731	-64	+8,8%
Áhrif hlutdeildarféлага	789	488	301	+61,7%
Hagnaður ársins	3.066	1.191	1.875	+157,4%
Önnur heildarafkoma	3.669	0	3.669	-
Heildarafkoma samtals	6.735	1.191	5.544	+465,5%

Bætt afkoma og aukin umsvif í kjarnastarfsemi samstæðunnar

Rekstrarreikningur 12M 2024/25 (m.kr.)

- **Vörusala ársins** nam 180,3 ma. kr. og **jókst um 4,1%** milli ára eða 7,1 ma. kr.
- **Söluaukning verslana og vöruhúsa (á Íslandi)** nam 4,8% en **samdráttur hjá Olís nam 4,4%** milli ára – SMS nýr starfspáttur
- **Framlegðarhlutfall nam 22,8% og hækkaði** um 2,0%-stig - hækkun **bæði í dagvöru- og eldsneytishluta auk áhrifa af SMS**
- **EBITDA** nam 14,7 ma. kr. og **jókst um 12,8%** milli ára – EBITDA **verslana og vöruhúsa jókst** um 5,2% og EBITDA **Olís jókst** um 20,7% milli ára
- **Hagnaður ársins** 7,0 ma. kr. og **heildarafkoma** nam 10,7 ma. kr. – **endurmat fasteigna**, færð beint á eigið fé, nam 3,7 ma. kr.

	12M '24/25	12M '23/24	Δ	%Δ
Vörusala	180.342	173.270	7.072	+4,1%
Framlegð	41.104	35.989	5.115	+14,2%
Aðrar rekstrartekjur	936	682	254	+37,2%
Laun og launatengd gjöld	-18.451	-16.229	-2.222	+13,7%
Annar rekstrarkostnaður	-8.851	-7.379	-1.472	+19,9%
EBITDA	14.738	13.063	1.675	+12,8%
Afskriftir	-5.351	-5.028	-323	+6,4%
Matsbreytingar	1.042	0	1.042	-
EBIT	10.429	8.035	2.394	+29,8%
Hrein fjármagnsgjöld	-2.988	-2.621	-367	+14,0%
Áhrif hlutdeildarféлага	981	697	284	+40,7%
Hagnaður ársins	7.030	5.044	1.986	+39,4%
Önnur heildarafkoma	3.669	0	3.669	-
Heildarafkoma samtals	10.699	5.044	5.655	+112,1%


Framlegð styrkist og afkomuhlutföll hækka nokkuð

Lykilmælikvarðar rekstrar (12M 2020/21 – 12M 2024/25)


- **Góð veltuaukning undanfarin ár** - drifin áfram af auknum umsvifum í rekstri og áhrifum verðbólgu
- **Framlegðarhlutfall hækkar** milli ára eftir að hafa verið lágt síðastliðin ár í sögulegu samhengi – áhrifa af SMS gætir einnig
- **Launa- og kostnaðarhlutföll** hækka milli ára vegna kjarasamningshækkana og áhrifa verðbólgu, auk áhrifa af lægri veltu hjá Olís vegna lægra heimsmarkaðsverðs og áhrifa af SMS
- **EBITDA hlutfall** 8,2% á árinu í samanburði við 7,5% í fyrra
- **Hagnaðarhlutfall** 3,9% í lok árs – m.a. vegna einskíptisáhrifa af matsbreytingu fjárfestingarfasteigna hjá SMS

Velta og framlegð

Velta (ma. kr.)




Framlegð (%)




Rekstrar-kostnaður

Launahlutfall (%)




Kostnaðarhlutfall (%)




Afkoma

EBITDA hlutfall (%)



Hagnaðarhlutfall (%)



Handbært fé frá rekstri nam 11,1 ma. kr. á árinu

Sjóðstreymisyfirlit 12M 2024/25 (m.kr.)

- **Handbært fé frá rekstri** nam tæpum 11,1 ma. kr. á árinu og hækkar um 2,4 ma. kr. frá samanburðarári
- **Fjárfestingarhreyfingar** námu 8,7 ma. kr. á árinu – **fjárfesting í nýju dótturfélagi SMS** að fjárhæð 4,7 ma. kr.
- **Fjárfesting í rekstrarfjármunum og fasteignum** nam 3,3 ma.kr. og **fjárfesting í óefnislegum eignum** nam 823 m.kr.
- **Fjármögnunarhreyfingar** námu 2,0 ma. kr., samanbórið við 4,9 ma. kr. á fyrra ári – ekki hafa verið keypt eigin bréf á árinu, til samanburðar við 2,3 ma. kr. kaup á síðasta ári
- **Handbært fé hækkaði** um 473 m.kr. á árinu og nam 2,3 ma. kr. í árslok, til samanburðar við 1,8 ma. kr. í fyrra

	12M 2024/25	12M 2023/24	Breyting
Hagnaður tímabilsins	7.030	5.044	1.986
Rekstrarliðir án áhrifa á fjárstreymi	7.579	7.897	-318
Veltufé frá rekstri	14.609	12.941	1.668
Rekstrartengdar eignir	122	-648	770
Rekstrartengdar skuldir	118	25	93
Greiddir vextir og skattar	-3.741	-3.628	-113
Handbært fé frá rekstri	11.108	8.690	2.418
Fjárfestingarhreyfingar	-8.671	-4.825	-3.846
Fjármögnunarhreyfingar	-1.964	-4.907	2.943
Breyting á handbæru fé	473	-1.042	1.515
Handbært fé í lok tímabils	2.299	1.827	472

Ný reikningsskilaaðferð vegna fjárfestingarfasteigna félagsins

Efnahagsreikningur 28. febrúar 2025 (m.kr.)

- **Fastafjármunir námu** 81,9 ma. kr. og hækkuðu um 24,8 ma. kr. – einkum **áhrif vegna SMS** og **breyttrar reikningsskilaaðferðar fjárfestingarfasteigna**
- **Veltufjármunir námu** 23,2 ma. kr. og hækkuðu um 2,0 ma. kr. frá fyrra ári
- **Eigið fé** nam 38,5 ma. kr. og átti félagið **eigin hluti** að nafnverði 8,1 milljón í árslok
- **Heildarskuldir** námu 66,5 ma. kr. og hækkuðu um 17,3 ma. kr. – þar af 12,2 ma. kr. vegna áhrifa af samruna SMS
- **Vaxtaberandi skammtímaskuldir** námu 6,3 ma. kr. í árslok – þar af 1,4 ma. kr. **vegna víxilskulda** og 3,9 ma. kr. vegna **skammtímafjármögnunar í DKK** vegna kaupa félagsins á SMS

	28.02. 2025	29.2. 2024*	%Δ		28.02. 2025	29.2. 2024*	%Δ
Rekstrarfjármunir	35.632	22.536	+58%	Vaxtaberandi	17.137	11.286	+52%
Óefnislegar eignir	15.601	12.835	+22%	Leiguskuldir	15.947	9.660	+65%
Aðrir fastafjármunir	30.643	21.671	+41%	Tekjuskattur	3.883	2.384	+63%
Fastafjármunir	81.876	57.042	+44%	Langtímaskuldir	36.967	23.330	+58%
Vörubirgðir	13.974	13.068	+7%	Vaxtaberandi	6.278	5.818	+8%
Viðskiptakröfur	6.887	6.234	+10%	Leiguskuldir	3.630	2.579	+41%
Handbært fé	2.299	1.827	+26%	Viðskiptaskuldir	19.672	17.490	+12%
Veltufjármunir	23.160	21.129	+10%	Skammtímaskuldir	29.580	25.887	+14%
Samtals eignir	105.036	78.171	+34%	Samtals skuldir	66.547	49.217	+35%
Skuldir og eigið fé	105.036	78.171	+34%	Eigið fé	38.489	28.954	+33%

*Samanburðarfrjárhæðum hefur verið breytt vegna nýrrar reikningsskilaaðferðar. Fastafjármunir hækka um 957 m.kr. og eru heildareignir fyrra árs nú 78.171 m.kr. í stað 77.214 m.kr. Eigið fé hækkar um 766 m.kr. og er eiginfjárlutfall 37,0% í stað 36,5% áður. Tekjuskattsskuldbinding hækkar um 191 m.kr.

Arðsemi eigin fjár hækkar nokkuð milli ára

Lykilmælikvarðar efnahags (12M 2020/21 – 12M 2024/25)


- **Arðsemi eigin fjár 24,3%** síðastliðna 12 mánuði og hækkar nokkuð á samanburðartímabili
- **Eiginfjárhlutfall** í lok árs nam 36,6% en **markmið stjórnar** er um 35,0% hlutfall – **samanburðarár breytt** vegna nýrrar reikningsskilaaðferðar
- **Nettó vaxtaberandi skuldir** í lok árs, að meðtöldum leiguskuldum, voru 40,7 ma. kr. eða 2,8 x EBITDA ársins – **skuldir aukast vegna kaupa á SMS**
- **Veltufjárhlutfall** í lok árs var 0,78
- **Veltuhraði í rekstri** var 14,0 dagar samanborið við 14,4 daga á fyrra ári
- **Veltuhraði eigna** var 2,0 í lok árs í samanburði við 2,3 á fyrra ári

Ávöxtun hluthafa


Áhætta í rekstri

Skilvirkni eigna


Arðsemi eigin fjár (%)




Eiginfjárhlutfall (%)




Skuldahlutfall¹




Veltufjárhlutfall²



Veltuhraði í rekstri (dagafjöldi)³



Veltuhraði eigna⁴



1) Nettó vaxtaberandi skuldir (með leiguskuldum) / 12 mánaða EBITDA 2) Veltufjármunir / skammtímaskuldir
 3) Veltuhraði í rekstri = dagafjöldi birgða + dagafjöldi viðskiptakrafna - dagafjöldi viðskiptaskulda 4) Vörusala / eignir

Yfirlit

Fréttir af starfsemi


Fjárhagsuppgjör

Staða og horfur



Gengi og stærstu hluthafar

Gengi




Stærstu hluthafar, eignarhlutur við lok 28.02.2025

1. Gildi - lífeyrissjóður	17,5%	6. Birta lífeyrissjóður	6,7%
2. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins A-deild	11,4%	7. Festa - lífeyrissjóður	4,3%
3. Lífeyrissjóður verslunarmanna	10,9%	8. Stapi lífeyrissjóður	3,5%
4. Brú lífeyrissjóður starfsm. sveitarfélaga	9,6%	9. Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	2,8%
5. Kaldbakur ehf.	8,1%	10. Brú R deild	2,2%

Hagnaður á hlut styrkist áfram

Uppsafnaður grunnhagnaður á hlut seinustu 12 mánuði (kr. á hlut)

- **Hagnaður á hlut eykst áfram** og er nú **5,56 kr. á hlut** fyrir síðustu 12 mánuði, en **6,47 kr. á hlut ef einskiptisáhrif vegna gangvirðisbreytinga í Færeyjum** eru tekin með
- **Án áhrifa einskiptis gangvirðisbreytinga í Færeyjum** eftir kaup **eykst hagnaður á hlut um rúm 21%** frá sama tíma í fyrra
- **Bætt afkoma síðustu missera byggir sem fyrr** á almennum rekstrarbata, **stefnumarkandi ákvörðunum, nýjum einingum og auknum umsvifum** - rekstur SMS kemur fyrst inn í tölur nú á 4F




* Einskiptisáhrif vegna viðskipta með Klasa

**Einskiptisáhrif vegna gangvirðisbreytinga í Færeyjum eftir viðskiptin með SMS

Staða og horfur

- **Rekstur gengur vel og horfur eru góðar**
 - **Rekstur helstu eininga gengur vel** - skilvirkni rekstrar hefur aukist og þjónustuframboð hefur verið bætt
 - **Markviss fjárfesting í viðskiptapróun** til að treysta framþróun félagsins og skapa nýja arðbæra tekjustrauma
 - **SMS ný stoð** í rekstri Haga – framtíðarmöguleikar í samþættingu á starfsemi og nýtingu þekkingar á báða bóga
 - **Hægfara en jákvæð þróun efnahagslífs og rekstrarumhverfis** – verðbólga og vextir í lækkunarfasa og aukinn fyrirsjáanleiki vegna kjarasamninga
 - **Blikur á lofti í alþjóðlegu viðskiptaumhverfi** með aukinni hættu á tollum og viðskiptahindrunum
 - **Trygg fjármögnun og sterk fjárhagsleg staða** – tækifæri í fjármögnun tengd starfsemi í Færeyjum
 - **Staða Haga er sterk** og félagið í góðri stöðu til að **byggja nýja tekjustrauma** og **takast á við þær aðstæður** sem upp geta komið í íslensku efnahagslífi
- **EBITDA afkomuspá fyrir rekstrarárið 2025/26** er á bilinu **16.000-16.500 m.kr.**





Starfsemi Haga á Íslandi

BÓNUS

Bónus er keðja lágvöruverðsverslana sem frá stofnun hefur boðið viðskiptavinum sínum lægsta mögulega matvöruverð á Íslandi. Verslanir eru 33 talsins en vöruúrval spannar allar helstu meginþarfir heimilishaldsins.

AÐFÖNG

Aðföng er innkaupa- og dreifingarmiðstöð á smásölu- og stórnotendamarkaði en starfsemi fyrirtækisins felst í innkaupum, birgðahaldi og dreifingu fyrir verslanir Bónus, Hagkaups, Olís og Stórkaup.

HAGKAUP

Hagkaup er leiðandi smásöluvyrirtekni sem leggur áherslu á framúrskarandi þjónustu og fjölbreytt vöruúrval. Verslanir eru 7 talsins, auk netverslunar, en helstu vöruflokkar eru matvara, snyrtivörur og leikföng.

Bananar

Bananar er stærsti innflutnings- og dreifingaraðili á fersku grænmeti, ávöxtum og berjum á Íslandi og jafnframt eitt stærsta innflutningsvyrirtekni landsins. Bananar eru einnig stærsti kaupandi og dreifingaraðili á innlendra grænmetis- og berjaræktun.

olís

Olís sérhæfir sig í sölu og þjónustu með eldsneyti og aðrar olíuvörur, auk skyndibita, ýmissa nauðsynjavara fyrir bílaeigendur ásamt fjölbættri þjónustu við t.d. sjávarútvegs-, verktaka og flutningafyrirtæki um land allt.

STÓRKAUP |

Stórkaup er heildverslun sem þjónar stórnotendum með aðföng á breiðum grunni þar sem leiðarljós í rekstri eru hagkvæmni, nútímalegt þjónustustig og einfalt skipulag sölu og dreifingar. Helstu vöruflokkar eru rekstrarvörur, heilbrigðisvörur og matvörur.

ELDUM RÉTT

Eldum rétt býður viðskiptavinum sínum matarpakka, í gegnum netverslun og verslanir Hagkaups, með uppskriftum og hráefni í réttu magni til að elda hollar og bragðgóðar máltíðir, með sem minnstri fyrirhöfn.

ZARA

Zara er ein stærsta tískuverslunarkeðja í heimi og selur fatnað fyrir fullorðna jafnt sem börn á góðu verði. Haga reka glæsilega verslun Zara í Smáralind.



HLUTDEILDARFÉLÖG INNAN SAMSTÆÐU



LEMON

VÖRUMERKI INNAN SAMSTÆÐU



FERSKAR KJÖTVÖRUR



HIMNESKT



Starfsemi Haga í Færeyjum



Bónus er keðja lágvöruverðsverslana, þar sem þrjár verslanir eru í Þórshöfn og fimm verslanir dreifðar um önnur bæjarfélög. Bónus býður viðskiptavinum lægsta mögulega matvöruverð í Færeyjum.



MIKLAGARÐUR

Miklagarður er stórverslun í Þórshöfn sem selur matvöru og ýmsa sérvöru, t.d. leikföng og blóm. Miklagarður rekur einnig kjötvinnslu fyrir SMS samstæðuna.



Í Þórshöfn eru reknar fjórar smærri matvöruverslanir og bakarí undir nafninu Mylnan, en félagið rekur einnig brauð- og kökugerð fyrir samstæðuna.



SUSHI DAILY HORNID

SMS rekur fjóra veitingastaði í stærstu verslunarmiðstöð Færeyja, þ.e. Burger King, Sunset Boulevard, Sushi Daily og Hornið. Auk þess rekur SMS tvo steikarstaði undir nafninu Angus Steakhouse í Þórshöfn og Klaksvík.



Rumbul og Sheep eru þrjár smávöruverslanir í Þórshöfn og Klaksvík, en verslanirnar selja ýmsa dagvöru á hagstæðu verði.

Eignarhald: 60%



Fasteignir

Fjölbreytt fasteignasafn sem telur ~11,000 m² sem er að miklu leyti nýtt undir eigin starfsemi en að hluta leigt til þriðja aðila. Auk þess rekur félagið verslunarmiðstöðina SMS.



Burn er líkamsræktarstöð sem er staðsett á þremur mismunandi stöðum í Þórshöfn. Burn býður upp á mánaðarlega áskrift sem og einkaþjálfun.

*Eignarhald: 50%
Hlutdeildarfélag*



Omaná er ís- og eftirréttargerð sem framleiðir fyrir samstæðuna. Omaná rekur einnig ústölustað í SMS verslunarmiðstöðinni í Þórshöfn.

*Eignarhald: 50%
Hlutdeildarfélag*



Fyrirvari

Af hálfu Haga skal vakin athygli á því að staðhæfingar og upplýsingar í kynningu þessari byggja eftir atvikum á áætlunum og mati stjórnenda félagsins, en ekki á staðreyndum sem unnt er að sannreyna við birtingu kynningarinnar eða umfjöllun af hálfu félagsins um hana. Af þeim sökum fela umræddar staðhæfingar og upplýsingar í sér óvissu.

Þá skal athygli fjárfesta vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi og afkoma félagsins verði með öðrum hætti en gert er ráð fyrir í kynningunni. Kynningin verður ekki endurskoðuð, uppfærð eða breytt að þessu leyti af hálfu félagsins eftir birtingu hennar.

Staðhæfingar og upplýsingar í kynningu þessari gilda eingöngu á því tímamarki þegar hún er birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.

